


RÉTTINDI OG ÞARFIR VEIKRA BARNA OG UNGLINGA TIL MENNTUNAR

1. Öll veik börn og unglingar eiga rétt á kennslu innan spítala eða á eigin heimili, einnig ef meðferð fer fram í öðru landi en heimalandi þeirra.
2. Markmið með kennslu fyrir veik börn og unglunga er að þau geti haldið menntun sinni áfram óhindruð og þannig haldið stöðu sinni sem nemendur þrátt fyrir veikindi.
3. Spítalaskólinn skapar samfélag barna og unglunga sem hjálpar til við að gera daglegt líf þeirra eðlilegt. Spítalamenntun skal skipuleggja sem bekkjar-, hóp- eða einstaklingskennslu eða kennslu við sjúkrabeð.
4. Spítala- og heimakennslu skal laga að þörfum og getu hvers barns/unglings í samvinnu við skóla barnsins/unglingsins.
5. Kennsluumhverfið og aðstöðuna skal laga að þörfum veikra barna og unglunga og jafnframt skal nota samskiptaforrit til að koma í veg fyrir einangrun.
6. Kennsluaðferðir skulu vera fjölbreyttar. Kennsluefni getur náð yfir meira en formleg námskrá segir til um. Það getur innihaldið viðfangsefni tengt þeim sérstöku þörfum sem fylgja veikindum og/eða spítaladvöl.
7. Spítala- og heimakennslukennarar skulu vera fullgildir kennarar og jafnframt hljóta frekari þjálfun.
8. Kennarar veikra barna og unglunga eru fullgildir meðlimir í þverfaglegu umönnunarteymi þeirra og eru tengiliðir milli barnanna/unglinganna og skóla þeirra.
9. Upplýsa skal foreldra/forráðamenn um réttindi veikra barna/unglinga sinna til menntunnar. Jafnframt skulu þeir vera virkir og ábyrgir þátttakendur í menntuninni.
10. Fyllsta trúnaðar skal gætt gagnvart hverju barni/unglingi, hvort sem um er að ræða læknisfræðilegar upplýsingar eða persónulega hagi.

**Þetta er Stofnskrá HOPE:
Samþykkt af aðalfundi HOPE
Barselóna – 20. maí 2000**

Breytingar samþykktar á aðalfundi HOPE,
Vínarborg – 13. maí 2016

(Icelandic version of the Charter of HOPE)



www.hospitalteachers.eu